

# Ársskýrsla Sjá 2019

– skýrsla stjórnar, lögð fyrir aðalfund Sjá 6. okt. 2019 í Alviðru



**Aðalfundur Sjálfbærni Samtaka um náttúruvernd fyrir starfsárið 2018** var haldinn 14. okt. í Menntaskólanum við Sund. Á fundinn mættu 12 félagsmenn. Brynhildur Sighvatsdóttir var kosin fundarstjóri og Signý Ósk ritari.

Ársskýrsla hafði verið send með fundarboði og var hún rædd á fundinum. Gjaldkeri lagði fram reikninga sem voru endurskoðaðir og samþykktir. Ákveðið að félagsgjald verði áfram 2000 kr. + innheimtukostnaður, samtals kr. 2115.

Allir í stjórn voru endurkjörnir, líka varamenn og skoðunarmenn reikninga.

Þannig voru í stjórn 2018 - 2019:

Þorvaldur Örn Árnason	formaður	sími	895 6841	<a href="mailto:valdurorn@simnet.is">valdurorn hjá simnet.is</a>
Brynhildur Sighvatsdóttir	gjaldkeri	sími	663 9404	<a href="mailto:brynka89@gmail.com">brynka89 hjá gmail.com</a>
Sigríður Rut Skúladóttir	stjórnarmaður	sími	846 2136	<a href="mailto:sirryrut@gmail.com">sirryrut hjá gmail.com</a>
Grétar Einarsson	stjórnarmaður	sími	897 3136	<a href="mailto:gretareinars@gmail.com">gretareinars hjá gmail.com</a>
Signý Ósk Kristjánsdóttir	ritari	sími	697 6624	<a href="mailto:signykristjans@internet.is">signykristjans hjá internet.is</a>
Örn Þorvaldsson	varamaður	sími	894 0270	<a href="mailto:orntho@island.is">orntho hjá isl.is</a>
Björg Ólínudóttir	varamaður	sími	865 6677	<a href="mailto:bjorgoli@gmail.com">bjorgoli hjá gmail.co</a>

Skoðunarmenn reikninga eru Jóhanna Jóhannesdóttir og Margrét Baldursdóttir.

**Stjórnin** hittist fjórum sinnum á fundi (7. des., 27. mars, 23. apríl og 3. okt.) og hafði samskipti milli funda, bæði á sérstakri fésbókarsíðu stjórnar og í tölvupósti, í síma og þegar menn hittust í vinnuferðum.

Almennur **rabbfundur** (opinn félagsfundur) var haldinn á veitingastaðnum Lækjarbrekku sunnud. 5. maí. Þar var kynnt dagskrá sumarsins sem stjórnin hafði sett saman og fundargestir skráðu sig til þátttöku.

32 félagsmenn greiddu **félagsgjaldið**, kr. 2.000, + 115 kr. seðilgjald, rukkað er í heimabanka.

Félagsmenn eldri en 70 ára eru heiðursfélagar og er ekki innheimt hjá þeim félagsgjald.

Fimm gengu í félagið á árinu. Félagsmenn eru nú 51, þar af 12 heiðursfélagar.

Bára Sigurjónsdóttir, heiðursfélagi og áður ötull sjálfbærni um fjöll og firnindi, lést á árinu.

Blessuð sé minning hennar.

Sótt var um nokkra **styrki** og fengust 2 styrkir á árinu; 80.000 kr. rekstrarstyrkur frá **Umhverfisráðuneytinu**, 183.000 kr styrkur frá **Landgræðslunni** til uppgræðslu í Reykjanesfólkvangi sem dugði næstum til kaupa á 4x600 = 2400 kg af áburði. Einnig veitti Landgræðslan rúm 200 kg af fræi vegna uppgræðslunnar. Brynjólfur í Kothúshelli var aftur fenginn til að dreifa áburðinum og fræinu. Gjaldið fyrir það hækkaði verulega, þrátt fyrir 15% afslátt þurfti að greiða 112.000 kr fyrir það. 100.000 kr. styrkur frá Fjallaleiðsögumönnum sem fékkst árið 2018 var ekki greiddur út fyrir en í nóvember það ár og er því inni á fjárhagsárinu sem hér er gert upp og dugði vel fyrir dreifingar-kostnaðinum 2018.

Fjárhagurinn hefur veikst á árinu, reksturinn tæp 167.000 kr. í mínus, og eru sjóðir félagsins nánast tómir. Vegur þar þyngst kostnaður við áburðardreifingu sem greiddur var úr sjóði félagsins, auk þess sem starfsemin var talsvert umfangsmikil á árinu.

Félagið greiðir oft matarkostnað í ferðum og kr. 35 fyrir hvern ekinn kílómeter í vinnuferðir, einkum ef fleiri eru saman í bíl.

Gefið var út eitt **fréttabréf** og sent í tölvupósti, einnig prentað út í takmörkuðu upplagi og dreift á fundum og í ferðum. Að auki tíðar fréttir á fésbókarsíðu félagsins og u.þ.b. 20 tilkynningar til félagsmanna og velunnara í tölvupósti.

Gefinn var út lítill **kyningarblöðungur** með stuttri kynningu á félaginu öðrum megin og dagskrá sumarsins hinum megin. Dreift á nokkra staði, einnig sent félagsmönnum í tölvupósti og þeir hvattir til að prenta miðana út og dreifa.

Formaður heldur pósthfangalista yfir félagsmenn og fleiri velunnara félagsins og sendir þar út tilkynningar (m.a. um vinnuferðir, aukaferðir og fundi).

**Fésbókarsíða** samtakanna var mikið notuð fyrir tilkynningar og fréttir og myndir úr vinnuferðum með textaskýringum. <https://www.facebook.com/SJ%C3%81LFBO%C3%90ALI%C3%90ASAMT%C3%96K-UM-N%C3%81TT%C3%9ARUVERND-119960348030736/>

Þorvaldur „bústaði“ helstu atburði, þ.e. greiddi fyrir að fleira fólk fengi kynninguna á fésbók og lagði félagið til þess 12.000 kr. á árinu. 450 manns líkar við síðuna. Í júnímánuði hafa t.d. 5700 manns smeltt á síðuna (tengingar), 1.000 staldrað þar við (birtingar innleggs) og 31 til viðbótar líkað við síðuna. Tölur fyrir maímánuð voru líkar, en miklu minni umferð yfir vetrarmánuðina. Félagið er að auki með aðra úrelta fésbókarsíðu sem loks hefur tekst að setja til hliðar með því að breyta heiti hennar.

Þorvaldur vann í vetur að því að fara yfir, flokka og skanna í tölvu vinuskýrslur frá öllum starfstíma félagsins (32 ár). Í nokkrum tilvikum voru skýrslur yfir ferðir á sama stað dregnar saman, skrifaður inngangur og skannað í eitt pdf-skjal. Megnið af þessum skönnuðu skýrslum var síðan hlaðið inn á tímaritavefinn [issuu.com](https://issuu.com) og eru nú aðgengilegar þar á svæði Þorvaldar Arnar á slóðinni <https://issuu.com/umhverfismal> Þetta mikla skýrslusafn gæti nýst þeim sem rannsaka sögu umhverfisverndar því Sjálfboðaliðasamtök um náttúruvernd voru, í góðu samstarfi við Náttúruverndarráð, leiðandi í gerð og viðhaldi náttúruvænna göngustíga fyrsta áratuginn sem þau störfuðu, allt þar til Umhverfisstofnun varð til og óx fiskur um hrygg. Einnig er fróðlegt fyrir þá sem tóku þátt í vinnunni að rifja upp liðna tíð.

Samtökin eru aðili að Landvernd og Samút (Samtökum útivistarfélaga) og stjórnarfolk Sjá sækir þar stöku fundi, svo og í fleiri náttúruverndarsamtökum. Greiðum 10.000 kr. félagsgjald í Samút (reyndar ekki þetta ár) en vinna í Alviðru og Öndverðarnesi er okkar framlag til Landverndar. Þorvaldur og Björg sóttu aðalfund Landverndar og hafa Sjá verið í tölvupóstsamskiptum við Samút og miðlað áfram fréttum um náttúruvernd og stjórn útivistarmála.

Félagið á til sölu smjörhnífa og lykklakippur úr viði með innbrenndu merki félagsins. Litið hefur selst á árinu, enda hefur þessu lítið verið hampað og má einkum kenna formanni þar um.

## Verkefni / vinnuferðir sumarið 2019

**Sumarið 2019** var unnið á 8 stöðum, farið í 10 auglýstar vinnuferðir og talsverð vinna einstaklinga að auki. Dagsverk í sjálfboðavinnu teljast vera 108. Alls komu 43 til vinnu, þar af 19 félagsmenn.

Unnið var við **skógrækt, takmörkun útbreiðslu lúpínu, grassáningu og heinsun plasts úr fjöru.**

Gerð er grein fyrir vinnuferðunum í máli og myndum á fésbókarsíðu samtakanna: [https://www.facebook.com/pg/SJ%C3%81LFBO%C3%90ALI%C3%90ASAMT%C3%96K-UM-N%C3%81TT%C3%9ARUVERND-119960348030736/photos/?ref=page\\_internal](https://www.facebook.com/pg/SJ%C3%81LFBO%C3%90ALI%C3%90ASAMT%C3%96K-UM-N%C3%81TT%C3%9ARUVERND-119960348030736/photos/?ref=page_internal)

### Plastpökk í fjörunni við Lónakot, utan við Straumsvík, 4. maí

Mættum kl. 10, á Norræna strandhreinsunardaginn, við afleggjara af Reykjanesbraut að eyðibýlinu Lónakoti, vestast í Hafnarfjarðarlandi. Gengum og ókum á jeppa slóða niður að tóftum Lónakots, þeim fallega stað. Gengum þaðan eftir ströndinni í báðar áttir, austur í átt að Óttarsstöðum og vestur í átt að Hvassahrauni, samtals u.þ.b. 2 km, og pökkum plastdrasl og fylltum kerruna og jeppann. Þeirri vinnu lauk um kl. 14. Við vorum sex: tveir úr



Vogum og 4 úr Reykjavík, á aldrinum 8 - 71 árs. Þetta plokki var á vegum Sjálfböðaliðasamtaka um náttúruvernd og Norræna félagsins í Vogum, í samvinnu við Bláaheirinn o.fl.

Myndir og texti á fésbók: [https://www.facebook.com/pg/SJ%C3%81LFBO%C3%90ALI%C3%90ASAMT%C3%96K-UM-N%C3%81TT%C3%9ARUVERND-119960348030736/photos/?tab=album&album\\_id=2916995141660562](https://www.facebook.com/pg/SJ%C3%81LFBO%C3%90ALI%C3%90ASAMT%C3%96K-UM-N%C3%81TT%C3%9ARUVERND-119960348030736/photos/?tab=album&album_id=2916995141660562)

## **Hekluskógar í Þjórsárdal 24. - 26. maí**

Þjórsárdalur var blómleg byggð á Landnámsöld en fór í eyði í stórgosi Heklu árið 1104 og er síðan að mestu þakinn vikri.

Sjá hefur unnið að skógrækt í Þjórsárdal í samvinnu við Hekluskóga. Við gróðursetjum, dreifum áburði, setjum niður stiklinga og söfnum fræi. Auk þess skoðum við og fræðumst um þetta fagra svæði. Þetta er 12 árið sem Sjálfböðaliðasamtök um náttúruvernd taka þátt í Hekluskógaverkefninu, þ.e. að rækta gríðarstóra birkiskóga umhverfis Heklu til að minnka skaða af næsta ösku- og vikurgosi sem vænta má frá þessu virka eldfjalli, auk þess að binda kolefni.

Laugardaginn 25. maí mættu 13 manns og gróðursettu 3900 birkiplöntur norðaustur af Vegghamri, en samtökin hafa flest árin gróðursett á því svæði og við Sandá og Dímon. Hekluskógaverkefnið lagði að vanda til plöntur og áburð og lánaði verkfæri til viðbótar við það sem samtökin eiga sjálf. Að vinnulokinni var grillað og spjallað saman við hjólhýsi Grétars. Daginn eftir héldu Grétar og Vigfús Óðinn verkinu áfram, en 2800 plöntur til viðbótar biðu þess að vera settar niður og hefja lífsbaráttu í þessari snauðu sand- og vikurjörð. Þeir félagar fengu og settu niður nokkur þúsund birkiplöntur til viðbótar síðar um sumarið og vökvuðu í mestu þurrkkunum. Þeir hafa auk þess tekið þúsundir stiklinga, einkum víði, og sett niður í svartan sandinn. Félagsmenn Sjá unnu samtals a.m.k. 30 dagsverk í Hekluskógum í sumar.

Skógræktarsvæðið í Þjórsárdal á að vera friðað fyrir **sauðfé** en er það ekki í reynd. Hópar sauðfjár hafa komið þar undanfarin sumar og aldrei meira en síðastliðið sumar. Féð étur vaxtarsprotta ungplantnanna og lauf og dregur þannig verulega úr vaxtarhraða þeirra og gengur að sumum dauðum. Grétar, félagi okkar, er fljótur að hlaupa þó kominn sé á aldur. Marga daga sumarsins smalar hann sauðfé og rekur út fyrir varnargirðinguna, oft með aðstoð Vigfúsar, en það er skammgóður vermir því fáeinum dögum síðar er aftur komið sauðfé. Grétar hefur kvartað yfir þessum ágangi við framkvæmdastjóra Hekluskóga og sýnt henni vegsummerkin. Nú í september kvörtuðu Sjálfböðaliðasamtökin bréflaga yfir þessu við sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Bað sveitarstjórnin um frekari upplýsingar, sem hún mun fá.

Myndir og texti á fésbók frá 25. maí 2019: [https://www.facebook.com/pg/SJ%C3%81LFBO%C3%90ALI%C3%90ASAMT%C3%96K-UM-N%C3%81TT%C3%9ARUVERND-119960348030736/photos/?tab=album&album\\_id=2970462532980489](https://www.facebook.com/pg/SJ%C3%81LFBO%C3%90ALI%C3%90ASAMT%C3%96K-UM-N%C3%81TT%C3%9ARUVERND-119960348030736/photos/?tab=album&album_id=2970462532980489)

Vigfús hefur hefur skrifað ítarlegar skýrslur um starf Sjá í Þjórsárdal sem gerir kleift að meta árangurinn, sen er almennt góður, meirihluti plantnanna lifir og vex. Einnig eru nokkur myndaalbúm á fésbók sem þorvaldur tekur saman.

[Skýrsla um vinnu Sjá við Hekluskóga árið 2018](#)

[Skýrsla um vinnu Sjá við Hekluskóga árið 2017](#)

[Skýrsla um vinnu Sjá við Hekluskóga árið 2011](#)

Árið 2018 sóttu samtökin um og fengu 500.000 kr. styrk frá Isavia fyrir kostnaði við þáttöku í Hekluskógum. Keypt var mikið af auka plöntum auk verkfæra og greitt fyrir eldsneyti við akstur og matarinnkaup o.fl. Þessu fé hefur verið vel varið.

Umsjón með þáttöku Sjá í Hekluskógaverkefninu hefur Grétar Einarsson.

## **Akranes að kvöldi fimmtud. 29. maí, í samvinnu við Skógræktarfélag Akraness**

Fjórir félagsmenn Sjá unnu eina kvöldstund með skógræktarfélagi af Akranesi við gróðursetningu. Árlegur og vinsæll viðburður, þetta var 15. árið!. Kaffiveitingar á staðnum í boði skógræktarfélagsins og góður félagsskapur.

Umsjón fyrir Sjá: Grétar Einarsson. Sjá myndir og stuttan texta á fésbókarsíðunni.

[Vinna Sjá með Skógræktarfélagi Akranes vorin 2005 – 2018](#)

## Lúpínuhreinsun á Vogastapi að kvöldi 4. júní og 11. júlí

Sjálfbóðaliðar kynnast gamalli þjóðleið milli Voga og Njarðvíkur og taka þátt í vinnu við að stöðva framrás lúpínu sem annars mun hylja götuna, og kynnast aðferðum við að hafa hemil á henni. Framhald af verkefni undanfarinna ára og til er skýrsla um starf undanfarin ár, auk mynda og texta á fésbók. Að kvöldi 4. júní unnu 10 manns Vogamegin, flestir úr Vogum. Sjá mynd af hluta hópsins. Boðið var upp á hressingu úti í guðsgrænni náttúrunni og kynningu á umhverfinu. Umsjón: Þorvaldur Örn.

Auglýst var önnur vinnuferð, að kvöldi 11. júlí. Við unnum fjögur saman eina kvöldstund og tókum lúpínu sem þrengir að Stapagötunni Njarðvíkurmegin. Dásamlegt veður! Frá Njarðvík að GrynriSkor er meirihluti götunnar laus við lúpínu, en mikið um stakar lúpínur að koma sér fyrir þar á köflum og tókum við þær. Á nokkrum stöðum er lúpínan búin að mynda þéttar breiður yfir götuna þannig að hún er alveg horfin á rúmlega kílómeters kafla, en þar sem hún er greinileg gengur fólk hana og myndast þannig þröng gata í lúpínuna. Snæddum nestið á fallegum hól sem væri kominn á kaf í lúpínu ef hún hefði ekki verið slitin þar upp undanfarin ár.

[Myndir af fésbók frá vinnu við Stapagötuna Njarðvíkurmegin:](#)

[https://www.facebook.com/pg/SJ%C3%81LFBO%C3%90ALI%C3%90ASAMT%C3%96K-UM-N%C3%81TT%C3%9ARUVERND-119960348030736/photos/?tab=album&album\\_id=3068836033143138](https://www.facebook.com/pg/SJ%C3%81LFBO%C3%90ALI%C3%90ASAMT%C3%96K-UM-N%C3%81TT%C3%9ARUVERND-119960348030736/photos/?tab=album&album_id=3068836033143138)

[Skýrslu um vinnu Sjá á Vogastapa 2010 – 2014](#)



## Lúpínuhreinsun í Skorradal 8. - 9. júní

að frumkvæði Huldu Guðmundsdóttur skógarbónda að Fitjum. Áframhald vinnu undanfarinna ára að því að stöðva framrás lúpínu að Síldarmannagötum og friðuðum birkiskógi við SA-horn Skorradalsvatns. Land þetta er að mestu vel og fallega gróinn lyng- og grasmói, rof hverfandi og birki breiðist ört út frá friðaða birkiskóginum í Vatnshornslandi. Gróður eykst ár frá ári enda áratugir síðan beit var hætt þarna.

Sjá vann um hvítasunnuna við að takmarka útbreiðslu lúpínu þarna. Alls tóku 14 manns þátt í vinnunni bæði laugardag og sunnudag og þáðu veitingar að Fitjum.

Myndir á fésbók: [https://www.facebook.com/pg/SJ%C3%81LFBO%C3%90ALI%C3%90ASAMT%C3%96K-UM-N%C3%81TT%C3%9ARUVERND-119960348030736/photos/?tab=album&album\\_id=3001262773233798](https://www.facebook.com/pg/SJ%C3%81LFBO%C3%90ALI%C3%90ASAMT%C3%96K-UM-N%C3%81TT%C3%9ARUVERND-119960348030736/photos/?tab=album&album_id=3001262773233798)

Í a.m.k. áratug hefur það verið stefna sveitarfélagsins að jörðina Vatnshorn skuli friðlýsa, bæði vegna náttúru- og menningarminja. Við leggjum okkar af mörkum með því að verja gömlu þjóðleiðina og friðaða birkiskóginn. Til þess upprætum við lúpínu sem komin er nálægt götunni og sláum fláka sem ógna svæðinu fjær, því okkur er vel kunnugt um hvernig lúpínan breiðist út og leitumst því við að halda henni í nokkurri fjarlægð frá þeim stað sem verja skal.

Tekist er á um hvort það eigi að stækka friðlýsta svæði þarna eða rækta barrskóg með hjálp lúpínu. Kann það að vera skýring þess að skógræktarstjóri lagði á sig að skrifa Sjálfbóðaliðasamtökunum bréf á bréfsefni Skógræktarinnar, ekki til að þakka þeim öflugt starf í þágu skógræktar heldur ásakanir um „Eyðing gróðurs í þjóðskóginum Vatnshorni“, eins og stendur í bréfhaus. Vissulega var verið að slá og slíta upp lúpínu, en með því var verið að bjarga þeim menningarverðmætum sem Síldarmannagötur eru og að auki öðrum gróðri sem sækir stöðugt í sig veðrið. Þessi lúpíneyðing var ekki í hinum friðaða þjóðskógi heldur utan hans. Bréf þetta var lagt fram á aðalfundi Sjá og rætt, ásamt athugasemdum sem stjórn Sjálfbóðaliðasamtakanna hafði tekið saman. Var samþykkt að senda það sem svar til skógræktarstjóra og einnig umsjónaraðila landsins til upplýsingar.

## Reykjanesfólkvangur – Að stöðva útbreiðslu lúpínu og sá grasfræi í rofsár

Framhald af verkefnum á undanförunum árum. Lúpína er á nokkrum stöðum í fólkvanginum en meirihluti hans er laus við lúpínu. Markmið fólkvangsins er að takmarka útbreiðslu hennar. Sjá



gerðu landbóta-áætlun og sóttu um og fengu 183.000 kr. styrk Landgræðslunnar til að græða upp svæðið suðvestur af Bleikhól, rúman kílómetur norðan við Seltún við Krýsuvík. Sáð var grasfræi og borinn áburður á með traktor í rofsvæði við hólinn. Þann 10. júní var dreift með traktor 2,4 tonnum af áburði og á þriðja hundruð kílóum af húðuðu túnvingulsfræi. Þorvaldur og Örn skoðuðu árangurinn 24. sept. Hafði fræið spírað nokkuð vel, mun betur en árið áður, en þó er besti árangurinn frá handsáningu vorið 2017. Búið er að sá í meirihluta rofsvæðisins og verður því starfi haldið áfram samkvæmt landbótaáætluninni. Þó er líklegt að henni verði flýtt þannig að ekki verði sáð oftar með traktor heldur handsáð og borið á bletti sem hafa orðið útundan.



Myndir á fésbók af árangri sáningarinnar: [https://www.facebook.com/pg/SJ%C3%81LFBO%C3%90ALI%C3%90ASAMT%C3%96K-UM-N%C3%81TT%C3%9ARUVERND-119960348030736/photos/?tab=album&album\\_id=3245532978806775](https://www.facebook.com/pg/SJ%C3%81LFBO%C3%90ALI%C3%90ASAMT%C3%96K-UM-N%C3%81TT%C3%9ARUVERND-119960348030736/photos/?tab=album&album_id=3245532978806775)

Slegin var og reitt lúpína á og við Bleikhól laugad. 22. júní, af 4 sjálfboðaliðum. Slegin var og reitt lúpína á Syðristapa við Kleifarvatn og fleiri stöðum ..... júní

Fjórir sjálfboðaliðar fóru 30. júní í árlega hringferð til að líta eftir og eyða lúpínu á stökum stöðum. Síðan fóru þeir 10. júlí til að ljúka því verki. Fannst þá nýr lúpínustaðaur við Norðlingaháls og einnig lúpínublettur hátt uppi við efri klettabrún fyrir ofan klettabeltið norðan við Stefánshöfða.

Umsjón með starfi Sjá í Reykjanesfólkvangi: Þorvaldur Örn og Örn Þorvaldsson.

**Skýrslur** voru teknar saman um vinnu í Reykjanesfólkvangi, auk myndaalbúma á fésbók, og eldri skýrslur er að finna á isuu.com, t.d. [hér um vöktun nokkurra lúpínustaða þar 2013 – 2018](#). Eru það að mestu sömu staðir ár eftir ár.

Fyrir sögufrúskara:

[Skýrsla um vinnu Sjá við uppgæðslu við Krýsuvíkurskóla 1998 og 1999.](#)

## Klippt í Þingvallapjóðgarði 8. september

Í samráði við þjóðgarðsvörð vann 6 manna hópur Sjá þennan dag við að klippa trjá- og runnagróður. Við Klipptum úr Leiragötu frá Leirum upp að Hrauntúni og úr heimtröðinni heim að bæjarrústunum.

Fornleifafræðingur hefur lagt til að fjarlægður verði trjágróður sem vex inn í listilega vel hlaðna grjóttgarða við Hrauntún. Var þetta byrjun á slíku verki, auk þess að halda gönguleiðunum opnum og þægilegum. Þjóðgarðurinn útvegaði handverkfæri og bauð upp á indæla súpu og brauð í þjónustumiðstöðinni í lok vinnudags. Við vorum einnig með nesti og snæddum hádegisverð úti í náttúrunni.

Það voru skúrir fram að hádegi og lafið blautt - og ilmandi - og í flestum regnbogans litum. Upphaflega átti þetta að vera tveggja náttu tjaldferð en vegna spár um slagveður á laugardeginum var hætt við að tjalda og aðeins unnið einn dag, sunnudaginn 8.9. Mætt til vinnu kl. 10 og unnið til kl. 17. Umsjón fyrir Sjá: Þorvaldur Örn

[Myndaalbum á fésbók frá vinnunni 8. sept. 2019](#)

[Vinna sjá á Þingvöllum 2010 – 2013, skýrsla og tillögur.](#)

[Skýrsla um gerð stígs á Þingvöllum 1993](#)

## Alviðra og Öndverðanes, ganga, klipping og aðalfundur 6. okt. 2019

Í tengslum við aðalfundinn 6. október var gengin hluti af gönguleiðinni í Öndveránesi, frá Þrastarlundi niður með Soginu að ármótum, spöl upp með Hvítá og til baka eftir bíslóð. Sjá hafa haldið þessari leið opinni undanfarinn áragut og voru nú klipptar trjágreinar úr fyrsta hluta götunnar og bætt við 7 stikum.

[Sjá í Alviðru og Öndverðanesi 2013 og 2014](#)

Kynnt var **fjöruhreinsunarverkefni** í Reykjavík í september (World Cleanup Day).  
<http://landvernd.is/hreinumisland> Við í Sjá tinum alltaf rusl á þem stöðum sem við vinnum á.

Sjá leggur áherslu á að virkja **fjölskyldufólk**, foreldra, afa og ömmur með börn á öllum aldri.

**Ljósmyndir úr starfi Sjá:** [https://www.facebook.com/pg/SJ%C3%81LFBO%C3%90ALI%C3%90ASAMT%C3%96K-UM-N%C3%81TT%C3%9ARUVERND-119960348030736/photos/?ref=page\\_internal](https://www.facebook.com/pg/SJ%C3%81LFBO%C3%90ALI%C3%90ASAMT%C3%96K-UM-N%C3%81TT%C3%9ARUVERND-119960348030736/photos/?ref=page_internal)

Um 100 skýrslur frá fyrri árum eru vistaðar á vefnum issue.com: <https://issuu.com/umhverfismal>

## Athugasemdir vegna ársreiknings reikningsárið 1. 10. 2018 – 30. 9. 2019

- Lög sjá segja til um að aðalfund skuli halda í október. Því er hefð að fjárhagsárinu ljúki 30. sept. og nýtt fjárhagsár byrji 1. okt. Ekki tókst að greiða öll úgjöld sumarsins 2018 fyrir lok fjárhagsársins og lentu því nokkrir stórir útgjaldaliðir sumarsins 2018 á fjárhagsárinu 2018 - 2019 og voru færðir sem skuld á efnahagsreikningnum 30.9.2018. Hagnaður þess starfsárs var 94.797 kr.
- 100.000 kr. styrkur frá Íslenskum Fjallaleiðsögumönnum kom ekki inn á reikning Sjá fyrir en á þessu fjárhagsári, var færður sem inneign í ársreikningi 2018. Reikningur frá Brynjólfi fyrir áburðar- og frædreifingu kom ekki áður en fjárhagsárinu lauk, bókfært þá sem 70.000 kr. skuld við Brynjólf og greitt í upphafi þessa fjárhagsárs (23.10.). Reikningar frá Vigfúsi um innkaup vegna skógræktar í Þjórsárdal voru ekki greiddir fyrir en 10.-12.okt., 2018 eftir að fjárhagsárinu lauk, bókfært sem skuld á síðasta fjárhagsári og greitt í upphafi þessa fjárhagsárs, samtals kr. 334.595 . Sama gildir um akstur Vigfúar og Bjargar vegna Þjórsárdals, var ekki greitt fyrir en 10. október og bókfært sem skuld og greitt í upphafi nýs bókhaldsárs Enn voru þó nærri 100.000 kr. eftir af 500.000 kr styrknum sem Vigfús sótti í hendur Isavía sumarið 2018 og var notað sumarið 2019.
- Að fyrrgreindum ástæðum er sumt á þessu reikningsári vegna útgjalda og tekna fyrra fjárhagsárs. Á rekstrarreikningnum eru stærstu liðirnir aðgreindir, þ.e. dreifing áburðar, akstur og skrifstofukostnaður. Mjög lítið var greitt fyrir skrifstofuvinnu 2019 enda lítið í sjóðnum til að standa undir því.
- Við gerð þessa ársreiknings kom í ljós villa í síðasta ársreikningi. Þar hafði láðst að telja eign í gróðursetningaráhöldum með höfuðstól, þannig að höfuðstóll var skráður of lágt (155.568 kr í stað 206.712 kr) og rekstrarafgangur því of hár (145.943 í stað 94.797 kr). Þessi villa hafði þó ekki áhrif á raunverulega afkomu félagsins
- Félagði á nokkra tugi af smjörhnífum og lyklakippum úr viði sem merki félagsins er grafið í. Dagbjört Ósk fékk gamlan mann til að búa þetta til, í kynningar- og fjáröflunarskyni. Þessir gripir hafa ekki ratað inn á efnahagsreikning. Svólítið hefur selst, en sala fórst því miður fyrir 2019.



Á svartri strönd Kleifarvatns við Syðristapa.